

AUGLÝSING

(VI) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2009/2010 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Fjarðabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Fjarðabyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. gr. c-liðar reglugerðarinnar fellur niður.
- b) Þriðjungi byggðakvóta í Fjarðabyggð verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.
- c) Upphaf 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem hlutaðeigandi fiskiskip fékk úthlutað, skal landað í þeim byggðarlögum Fjarðabyggðar sem byggðakvóta var úthlutað til. Sé vinnslustöðvum ekki til að dreifa í þeim byggðarlögum skal gera samning um vinnslu aflans við vinnslustöðvar annars staðar í sveitarfélaginu.

Kaldrananeshreppur.

- a) 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Úthlutun aflamarks samkvæmt reglugerð þessari skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal úthlutað hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við landaðan afla til vinnslu í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2009 til 31. mars 2010. Komi samkvæmt þeirri skiptingu meira en 15 þorskígildistonn í hlut hvers fiskiskips, skal vikið frá takmörkunum um hámarksbyggðakvóta á hvert fiskiskip. Afli af fiskiskipum sem landað er ... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur Kaldrananeshrepps um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2009/2010, þ.e. 6. tl. auglýsingar nr. 163 frá 25. febrúar 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. apríl 2010.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hinrik Greipsson.